

Sjónlistir 1-4. Bekkur.

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 4. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 4. bekkjar.

	1-4. Bekkur	
	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none">• nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,• skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum,• tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,• unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,• þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,• fjallað um eigin verk og annarra,• þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,• greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,• greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,	

	<ul style="list-style-type: none"> • skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. 	
Hæfniviðmið.	<p>Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafslisins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfa orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Þessum tengslum er lýst myndrænt hér til hliðar.</p>	